

**Mál nr. 49/2011****M****og****Vátryggingafélagið X v/húseigendatryggingar (ábyrgðartryggingar)****Meiðsl við fall á hálku við íþróttahöll 19.01. 2009.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 08.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.02. 2011.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M rann til í hálku og/eða holu er hún var á gangi frá íþróttahöll eftir æfingu þar inni. Samkvæmt tjónstilkynningu var lýsing slæm á bílastæðinu sem þarna er. M mun hafa fótbrotnað á hægri fæti.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það gerir athugasemd við breytta lýsingu M af atvikum þ.e. í fyrstu hafi því verið borið við að hálka hafi valdið fallinu en í málskotinu sé á því byggt að hola á bílastæðinu hafi valdið fallinu. Félagið telur ósannað að líkamstjón M sé að rekja til saknæms vanbúnaðar á fasteign vátryggingartaka eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Það telur ósannað að óslétt yfirborð, hola, hafi valdið því að M datt og slasaðist. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi meiðsl M til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka, vanbúnaðar á fasteign eða annarra atvika sem hann ber ábyrgð á. Telja verður að M hafi verið kunnugt um aðstæður á vettvangi og hafi þurft að gæta aukinnar aðgæslu. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða sem vátryggingartaki ber ekki skaðabótaábyrgð á.

Ósannað er að M hafi fallið um “stóra holu á illa upplýstu bílastæði” líkt og haldið er fram í málskotinu. Framburðir tveggja vitna breyta ekki ofanrituðu. Fyrirliggjandi gögn eru ákaflega takmörkuð um aðstæður á vettvangi máls þessa. Telja verður að M hafi haft fullt tilefni til að gæta aukinnar aðgæslu að teknu tilliti til þeirra aðstæðna sem fyrir hendi voru.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. mars 2011

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.